

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 186/1999

frá 17. desember 1999

um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XXII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/1999 frá 30. september 1999⁽¹⁾.

Tilskipun ráðsins 1999/60/EB frá 17. júní 1999 um breytingu á tilskipun 78/660/EBE að því er varðar fjárhæðir sem eru gefnar upp í ekum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á 4. lið (fjórða tilskipun ráðsins 78/660/EBE) í XXII. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við á undan aðlögunarliðunum:

„- **399 L 0060:** Tilskipun ráðsins 1999/60/EB frá 17. júní 1999 um breytingu á tilskipun 78/660/EBE að því er varðar fjárhæðir sem eru gefnar upp í ekum (Stjtið. EB L 162, 26.6.1999, bls. 65).“

2. Eftirfarandi aðlögunarliður bætist við:

„c) í 2. gr., að því er varðar EFTA-ríkin komi „birt opinberlega í hverju EFTA-ríki“ í stað „birt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*“.“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 325, 21.12.2000, bls. 46 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 60, 21.12.2000, bls. 699.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 162, 26.6.1999, bls. 65.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 1999/60/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 18. desember 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 17. desember 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

N. v. Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner